

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í Aratungu, Bláskógarbyggð miðvikudaginn 21. september 2022 kl. 16:00.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Haraldur Þór Jónsson, Elliði Vignisson, Geir Sveinsson. Bjarni Hlynur Ásbjörnsson sat fundinn í fjarfundi.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

## 1. Framtíð byggðasamlagsins.

Gerð var úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. árin 2020-2021 en á fundi NOS 23. september 2020 var eftirfarandi bókað:

### 10. Önnur mál.

#### A. Úttekt á starfsemi- framtíðarsýn þjónustunnar

*Samþykkt að fá ráðgjafa til að taka út starfsemina. Formanni falið að kanna með ráðgjafa og fá verðhugmyndir í verkið. Í framhaldinu verður svo farið að í að vinna framtíðarsýn þjónustunnar.*

Niðurstaða þessarar úttektar lá fyrir í desember 2021 og var skýrslan tekin fyrir á stjórnarfundum þann 15. febrúar 2022 og kjölfarið send á til aðildarsveitarfélög til kynningar. Í skýrslunni eru lagðar fram þrjár mismunandi sviðsmyndir:

- halda áfram í óbreyttri mynd en gera allt skilvirkara,
- slíta byggðasamlaginu,
- rekstrarformi samlagsins yrði breytt og eitt sveitarfélaganna yrði leiðandi sveitarfélag.

Síðan skýrslan var lögð fram hefur ýmislegt verið rætt, m.a. aðrar sviðsmyndir. Lagaumhverfi hefur breyst og á síðustu árum hefur orðið mikil fjölgun íbúa á starfssvæðinu. Það er því niðurstaða stjórnar byggðasamlagsins að slit á byggðasamlaginu sé sú leið sem henni hugnast best til að tryggja góða og skilvirka þjónustu til sinna notenda.

NOS leggur því til við bæjar- og sveitarstjórnir aðildarfélaganna að á næsta fundi þeirra verði samþykkt að starfsemi byggðasamlagsins „Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.“ verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið.

NOS leggur til að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin sem greiðist af SVÁ í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður SVÁ og óskar eftir samþykki bæjar- og sveitarstjórna fyrir því.

Formanni stjórnar og bæjarstjóra umsjónarsveitarfélags falið að senda erindi á starfsmenn byggðasamlagsins um niðurstöðu fundarins og boða til starfsmannafundar.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 24. október kl. 16:00 í Þingborg.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:40.